

97. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn fimmtudaginn 8. september 2022, kl. 11:30, að Engihjalla 8.

Mætt voru: Kristín Amý Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Friðrik Ómarsson, Katrín Helga Reynisdóttir og Sigurður Sigurbjörnsson. Einnig sat Björn Jónsson framkvæmdastjóri fundinn.

1. Fundur settur

Sigurður Sigurbjörnsson setti fundinn klukkan 11:35 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 96. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Verkaskipting stjórnar

Fundurinn er fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar. Stjórn skipti með sér verkum. Kristín Amy Dyer var kjörin formaður stjórnar, Ásgeir Haukur Guðmundsson var kjörinn varaformaður, Katrín Helga Reynisdóttir var kjörin gjaldkeri og framkvæmdastjóri var tilnefndur ritari.

4. Stefna og helstu verkefni

Stefnumörkun Markaðsstofunnar frá hausti 2021 var kynnt fyrir nýrri stjórn. Umræður urðu um stefnu og framtíðarsýn og engar athugasemdir gerðar við samþykka stefnu.

Verkefnalisti yfir verk í vinnslu hjá Markaðsstofunni var lagður fram til kynningar og umræðu.

Rætt var um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri upplýsti að sérstakt átak væri í gangi og að gerður hafi verið samningur við verktaka um að heimsækja valin fyrirtæki til að kynna átakið.

Rætt var um verkefnið Götu- og torgsala. Ákveðið að Framkvæmdastjóri sendi erindi til bæjarráðs með ósk um að skipaður verði vinnuhópur með fulltrúa Markaðsstofunnar til að gera tillögur að reglum um Götu- og torgsölu.

Rætt var um viðskiptaáætlun um uppbyggingu tækni- og nýsköpunarseturs á Kársnesi sem kynnt var á aðalfundi félagsins 2. september sl. Formaður tók að sér það verkefni að kynna Skóp og viðskiptaáætlunina fyrir bæjarstjórn og nýsköpunarráðherra í samráði við framkvæmdastjóra.

Verkefnið Hiking Haven var kynnt og upplýst að málið sé í biðstöðu hjá Umhverfissviði Kópavogsbæjar. Yfirlit yfir önnur verkefni má sjá í verkefnayfirlit í fylgiskjali 1.

5. Breytingar á árgjaldi

Fjöldi aðildarfyrirtækja Markaðsstofunnar hefur staðið í stað síðastliðin ár og eru þau að jafnaði í kringum 80. Á aðalfundi félagsins 2. september sl. var ákveðið að hækka árgjald úr 15.000,- kr í 19.500,- kr.

Á aðalfundi kom fram áskorun til nýkjörinnar stjórnar að endurskoða árgjald og skoða mögulegar útfærslur m.t.t. stærðar aðildarfélaga. Umræður urðu um málið og ákveðið að skoða mögulegar útfærslur frekar.

7. Önnur mál

Rætt var um markaðsmál Markaðsstofunnar. Ákveðið að framkvæmdastjóri ásamt Amý stjórnarformanni og Kristjáni Inga stjórnarmanni rýni markaðsmálin og leggi tillögur um aðgerðir fyrir stjórn á næsta stjórnarfundum.

Ákveðið var að boða aðildarfélög og kjörna fulltrúa hjá Kópavogsbæ til hádegisfundar um Nýsköpun í Kópavogi þar sem tillögur Markaðsstofunnar um uppbyggingu nýsköpunar á Kársnesi verða kynntar og ræddar.

Rætt var um innkaupastefnu Kópavogsbæjar í kjölfar athugasemda frá fleiri en einu aðildarfélagi Markaðsstofunnar. Ákveðið að Markaðsstofan kalli eftir innkaupastefnu Kópavogsbæjar og rýni hana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.